

11. fundur 2012 haldinn í Laugargerðisskóla 15. Nóvember 2012.

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson, Hrefna Birkisdóttir, Svanur Guðmundsson, og Þröstur Aðalbjarnarson.

Einnig: Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri. Sigrún Ólafsdóttir reikningshaldari og Valgarð Halldórsson bókarari

1. mál

Kristín Björk fór yfir skólamála og innra mat skólans.

2. mál

Valgarð Halldórsson fór yfir fjárhagsáætlun skólans.

Fundargerð fræðslu- og skólanefndar lögð fram.

Fjárhagsáætlun fyrir Laugargerðisskóla samþykkt með fyrirvara um samþykki skólanefndar.

Sigrún Ólafsdóttir og Kristín Björk Guðmundsdóttir undirrituðu þennan hluta fundargerðarinnar og viku af fundi.

3. mál

Fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaaholtshrepps.

Valgarð Halldórsson fór yfir. Fjárhagsáætlun fyrir 2013 samþykkt og einnig 3ja ára áætlun (2014-2016).

4. mál

Útsvarsprósenta (fyrir 2013) 14,48%

Fasteignagjöld A og C liður 0,5%

Laun nefnda óbreytt (7000 kr á fund)

Laun hreppsnefndar 10.000 kr á fund

Laun oddvita 200.000 kr á mánuði

Símakostaður (oddvita) 140.000 á ári fyrir bæði 2012 og 2013

Akstur borgaður eftir rsk. taxa

Samþykkt . Svanur samþykkir ekki hækkun til oddvita.

Halldór vék af fundi.

5. mál

Samþykkt að setja gjaldskrá fyrir sorphirðingu, sorpeyðingu og seyrulosun sem miði við fjárhagsáætlun 2013.

6. mál

Hluthafafundur í Hitaveitu Eyja-og Miklaholtshrepps stendur fyrir dyrum.

Þróstur Aðalbjarnarson fer með atkvæði hreppsins í fjarveru oddvita.

Þrestiti falið að gera frumkönnun á kaldavatnsveitu í hreppnum.

Svanur kemur með athugasemd um að boðun flestra hreppsnefndarfunda er ekki í samræmi við stjórnsýslulög og samþykktir hreppsins.

Guðbjartur bókar að boðun hreppsnefndarfunda er með svipuðum hætti og viðgengist hefur undanfarin ár, en boðun hefur verið á vel flesta fundi með tölvupósti til hreppsþúa sem eru nýmæli.

Fundargerð lesin og samþykkt.